

Orðanefnd læknafélaganna - 98

Fundur var haldinn mánudaginn 20. febrúar 2023 kl. 16:30 að Laugavegi 13, Reykjavík, í húsnæði Stofnunar Árna Magnússonar og var þetta 98. fundur nefndarinnar frá árinu 2012.

Mætt voru: Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Magnús Jóhannsson, Reynir Tómas Geirsson, Runólfur Pálsson og Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri á Stofnun Árna Magnússonar. Gerður Aagot Árnadóttir hafði boðað forföll. Sérstakur gestur á fundinum var Guðmundur Viggósson, augnlæknir.

1. Síðasta fundargerð:

Fundargerð 97. fundar (23. janúar 2023), sem send hafði verið nefndarmönnum í tölvupósti, var formlega samþykkt.

2. JHJ bauð sérstakan gest fundarins velkominn og kynnti honum lítilega íðorðastarfsemina og vinnu nefndarinnar.

3. **Orðabókarvinnan:** Fyrir fundinum lágu fjórir orðalistar, sem sendir höfðu verið nefndarmönnum í tölvupósti til yfirferðar, vision, hydrocephalus, bacteria og mycosis.

a) **Vision:** Farið var ítarlega yfir orðalistann frá síðasta fundi og þær athugasemdir sem þegar höfðu komið fram, þar með taldar ábendingar Guðmundar Viggóssonar, augnlæknis, sem hann hafði sent nefndinni í tölvupósti fyrir fundinn og gerði grein fyrir í líflegri umræðunni. Augljóst var að innlegg sérfræðingsins og umræðan á fundinum var til mikilla bóta fyrir íðorðastarfið. Margvíslegar breytingar og viðbætur voru gerðar og var JHJ falið að ganga frá skráningu þeirra. Listinn verður síðan sendur út þannig breyttur áður en gengið verður frá færslunum í Íðorðasafni lækna í Íðorðabankanum og þær birtar. Rætt var einnig lítilega um hvort ástæða væri til að fara yfir og endurskoða fleiri færslur með augnorðum og heitum á sviði augnsjúkdóma og augnlækninga.

b) **Hydrocephalus, bacteria og mycosis:** Umræðu um aðra fyrirbyggjandi orðalista var síðan frestað til næsta fundar.

4. **Önnur mál:** Óformlega var minnst á fyrirhugaðan flutning Stofnunar Árna Magnússonar nú í vor úr húsnæðinu við Laugaveg 13 í hið nýja Hús íslenskunnar við Arngrímsgötu.

Næsti fundur. Næsti orðanefndarfundur er ráðgerður mánudaginn 20. mars 2023. JHJ mun að venju undirbúa fundinn og boða með dagskrá í tölvupósti.

Fundi var slitið um kl. 17:30. Fundargerð ritaði JHJ.